



Kópavogsbær

Innleiðing farsældarlaga - staðan og næstu skref

Janúar 2026

Skjal sótt af '000000000000' dags: 20.08.2026



Dagskrá

- Kynning á farsældarlögum
- Staða innleiðingar farsældarlaga hjá Kópavogsbæ
- Stýrihópur Fléttunnar – farsældar barna
- Farsældarráð
- Næstu skref
- Gögn og upplýsingar




Lög um samþættingu þjónustu þágu farsældar barna nr. 86/2021

- Tóku gildi 1. janúar 2022 en gert er ráð fyrir fimm ára innleiðingarferli.
- Svar við ákalli til stjórnvalda um að betur sé hlúð að börnum með það að markmiði að þeim farnist vel í lífinu.
- Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni.
 - Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.
 - Lögin eiga að tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og verði ekki send á eigin ábyrgð milli þjónustuaðila.




Markmið laga um samþættingu þjónustu

- Að samstarf í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum farvegi og tryggt að barnið sé hjartað í kerfinu.
- Öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
 - Tryggjum þetta með nýjum hlutverkum tengiliða og málstjóra.
- Það hafa þó ekki öll börn þörf fyrir samþættingu þjónustu.





Hlutverk þjónustuveitenda farsældarþjónustu






Hvað felst í samþættingu þjónustu?

- Með lögnum fylgja **ekki sérstök úrræði** heldur fjalla þau um hvernig ólíkir þjónustuaðilar sem sinna börnum og fjölskyldum eiga að vinna saman að málum þeirra og leita í sameiningu að lausnum til að mæta þörfum hverju sinni.
- Við eigum að skipuleggja úrræði og stuðning á markvissan og samfelldan hátt þannig að tryggt sé að **þjónustan sé heildstæð** og veitt af þeim sem best eru til þess fallnir hverju sinni.
- Við eigum að skipuleggja samþætta þjónustu þannig að **ekki verið rof í þjónustunni** svo sem vegna aldurs barns eða annarra breytinga.




Stigskipting þjónustu í þágu farsældar barna





Tölfræði í samþættri þjónustu í Kópavogi

- 31. ágúst voru 645 börn og ungmenni í samþættingu þjónustu hjá stofnunum Kópavogsbæjar.
- 1. stig
 - Hjá tengiliðum í leikskóla – 103.
 - Hjá tengiliðum í grunnskóla – 314.
- 2. stig
 - Hjá málstjórum í barna og fjölskylduteymi á velferðarsvið – 162.
- 3. stig
 - Hjá málstjórum í barnaverndarþjónustu – 66.



■ 1. stig ■ 2. stig ■ 3. stig



Sambætting í skólum Kópavogsbæjar við lok skólaárs 2025

Sambætting í skólum Kópavogsbæjar við lok skólaárs 2025						
Skólastig	1. stig	2. stig	3. stig	Heild	Nemenda - fjöldi	Hlutfall mála í sambætt.
Leikskólar	160 (4-16)	21 (0-5)	4 (0-1)	185 (4-19)	2073 (63-134)	9,0% (4,8-20,3)
Grunnskólar	287 (18-52)	108 (3-30)	41 (1-6)	436 (24-88)	4977 (271-670)	8,8% (5,1-15,8)
Heild	447	129	45	621	7050	8,8%



Handbók farsældar frá BOFS – Gátlistar

45 af 47 aðgerðum lokið

1.1 - Upphaf og undirbúningur

- 7 aðgerðum af 7 lokið (4 aðgerðir eiga ekki við um Kópavogsbæ)

2.1 – Fræðsla

- 6 aðgerðum af 7 lokið og 1 í vinnslu (fræðsla fyrir börn)

2.2 – Stigskipting farsældarþjónustu – úrræðaskjal

- 6 aðgerðum lokið af 7 og 1 í vinnslu (úrræðalisti aðgengilegur notendum)

2.3 – Vinnsla persónuupplýsinga


- 4 aðgerðum af 4 lokið

2.4 – Tengiliðir farsældar

- 13 aðgerðum af 13 lokið

2.5 – Málstjórar farsældar

- 9 aðgerðum af 9 lokið





Rýnifundir með tengiliðum, málstjórum og stjórnendum

Sambætting þjónustu á öllum stigum

- Í maí og júní 2025 voru haldnir rýnifundir með tengiliðum og stjórnendum í öllum skólum. Einnig voru tekin viðtöl við alla málstjóra og stjórnendur á velferðarsviði.
- Niðurstöður bentu til þess að sambætting þjónustu væri farin vel af stað á 1. og 2. stigi en að styrkja þyrfti sambættingu þjónustu á 3. stigi.
- Tengiliðir og málstjórar hafa almennt góða þekkingu á farsældarlögum og verklagi sambættingar en sumum finnst enn þá erfitt að forgangsraða tíma í verkefni sambættingar vegna heildarálags verkefna sem þeir sinna.



Niðurstöður rýnifunda – staðan í skólunum

- Talsverður tími hefur farið í innleiðingu farsældarlaga en samþættingin er að skila betra utanumhaldi, meira samstarfi og markvissari vinnu.
- Allir skólar komnir af stað og byrjaðir að samþætta mál en staðan er aðeins misjöfn eftir skólum og kerfið er viðkvæmt fyrir stafsmannabreytingum.
- Hjálplegt fyrir grunnskóla hvað leikskólarnir eru komnir vel af stað.
- Farsældarvinnan þarf að dreifast á fleiri starfsmenn skóla og fléttast betur inn í daglegt skólastarf – flæða betur út í æðakerfi skólanna.



Niðurstöður rýnifunda – kröfur og áherslur

- Stuðningsefni frá Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) og skilaboð frá samstarfsfólki og stofnunum um verklag og verkaskiptingu er ekki alltaf í fullkomnu samræmi við áherslur innleiðingarteymis.
- Innleiðingarteymi Kópavogsbæjar leggur mesta áherslu á samstarf og að öll mál séu í skýrum farvegi (skýr áætlun, ábyrgð og verkaskipting).
 - Foreldrar og fagfólk sem vinnur með barni og fjölskyldu þarf að skipuleggja verklagið í hverju máli fyrir sig út frá þörfum og markmiðum og þannig að tími allra sé vel nýttur.



Niðurstöður rýnifunda – samstarf við málstjóra

- Samstarf skóla og málstjóra barna- og fjölskylduteymis hefur almennt verið gott og ánægja með aukin samskipti og bætt upplýsingaflæði.
 - Sérstaklega þegar skráningar eru góðar í One systems.
- Samstarf skóla og málstjóra barnaverndar mætti vera meira og upplýsingaflæði betra.
 - Skólar upplifa að málstjórar barnaverndar séu allir af vilja gerðir en að sumir hafi ekki tíma til að sinna samþættingu þjónustu og vinna í samræmi við farsældarlögin.
- Kallað eftir skýrari viðmiðum um samþættingu þjónustu á 2. stigi og verklagi þegar óskað er eftir málstjórum.



Niðurstöður rýnifunda - barna- og fjölskylduteymi

- Mál eru sjaldan færð aftur á 1. stig svo málafjöldinn eykst stöðugt hjá málstjórum á 2. stigi í barna- og fjölskylduteymi.
 - Þurfum að gæta þess að hafa mál ekki í of íþyngjandi farvegi og nýta tíma okkar allra vel.

	1. stig	2.stig	3. stig	Ekki samþætting	Öll mál
Ráðgjafi I	24	38	3	21	86
Ráðgjafi II	33	33	1	28	95
Ráðgjafi III	31	10	1	52	94
Ráðgjafi IV	41	18	0	15	74
Ráðgjafi V	34	9	3	23	69
Ráðgjafi VI	24	20	3	23	70
Ráðgjafi VII	24	10	3	53	90
Samtals:	211	138	14	215	578



Niðurstöður rýnifunda - áskoranir

- Sumir málstjórar upplifa mikið álag og að stundum séu gerðar séu óraunhæfar væntingar til þeirra.
- Erfitt fyrir alla þegar vantar úrræði og börn eru á biðlistum.
- Samstarf við samstarfsfólk utan Kópavogsbæjar stundum flókið s.s. vegna þessa að starfsfólk hefur ekki aðgang að sama gagnagrunni og innleiðingin er komin mislangt.



Niðurstöður rýnifunda - barnavernd

- Tilkynningum til barnverndar fer fjölgandi milli ára þrátt fyrir áherslur laganna um að grípa fyrr inn í aðstæður barna.
 - Hlutfallslega fá barnaverndarmál samþætt.
- Í vor fundu margir málstjórar barnaverndar ekki mikinn ávinning af samþættingu mála samanborið við vinnslu mála áður en farsældarlög voru samþykkt en höfðu oft litla reynslu á samþættingu þjónustu.
- Sumir málstjórar nefndu að þeir sæju ávinning þegar góðar skráningar voru undir málunum í OneSystem.



Niðurstöður rýnifunda - barnavernd

- Málstjórar vildu bæta vinnubrögð tengd samþættingu þjónustu og þáðu allir eftirfylgdarviðtöl í ágúst og september.
- Í eftirfylgdarviðtölum komu fram vísbendingar um framfarir og málstjórar barnaverndar eru nú farnir að samþætta mál og vinna í samræmi við farsældarlög og vinnulýsingu.
- Það tekur tíma að breyta verklagi og læra nýja hluti og barnavernd þarf oft að forgangsraða tíma sínum í alvarlegustu og þyngstu málin en ef markmið farsældarlaga eiga að nást þurfum við líka að ná að sinna vægari málum til að fækka málum sem verð alvarleg og þung.



Niðurstöður rýnifunda - innleiðingarteymi

- Tengiliðir leikskóla eru ánægðir með stuðning og gott aðgengi að ráðgjafa farsældar í leikskólum.
- Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur eru einnig ánægðir með störf og stuðning innleiðingarteymis og starfsfólk.
- Á rýnifundum var ekki auðvelt að átta sig á þekkingu stjórnenda á farsældarlögum og helstu verkefnum sem þeim tengjast en áætlað er að vinna nánar með stjórnendum sem munu taka við ábyrgð innleiðingarteymis þegar innleiðingartímabilinu lýkur.



Stýrihópur Fléttunnar – farsældar barna

- Stýrihópur Fléttunnar hefur haldið utan um helstu samstarfsverkefni mennta- og velferðarsviðs.
- Heitir nú stýrihópur **Fléttunnar – farsældar barna** og mun taka við ábyrgð á verkefnum innleiðingarteymis í samstarfi við skólastjórnendur.
- Er einnig samráðshópur fyrir fulltrúa bæjarins í farsældarráði höfuðborgarsvæðisins.
- Í stýrihópnum sitja stjórnendur á mennta- og velferðarsviði.
 - Deildarstjórar og skrifstofustjórar.



Svæðisbundin farsældarráð

- Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær hafa tekið ákvörðun um að mynda sameiginlegt svæðisbundið farsældarráð skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og á grundvelli 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011.
- Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins verður samráðsvettvangur sveitarfélaga og þjónustuaðila sem starfa í þágu barna á svæðinu.
 - Í ráðinu eru einnig fulltrúar heilbrigðiskerfis, framhaldsskóla, lögreglu og íþróttahreyfingarinnar.
- Ráðið styður við stefnumótun og samhæfingu þjónustu í samræmi við farsældarlög og leggur fram tillögur að sameiginlegum áherslum.
- Ráðið setur fram fjögurra ára aðgerðaáætlun sem lögð er fyrir sveitarstjórnir og viðeigandi stjórnvöld eða yfirstjórn til samþykktar.



Næstu skref

- Úrbætur á OneSystems m.a. vegna skráninga til BOFS.
- Stöðumat í skólum - Gátlistar innleiðingar í skólum.
- Vitundarvakning skóla- og frístundasamfélagsins – farsældin í æðakerfið.
- Skerpa á skilum skólastiga, sérstaklega skilum frá grunnskóla í framhaldsskóla.
- Vinna viðmið um 2. stigs þjónustu og skerpa á verklagi með rýnihóp.
- Styrkja barnaverndarþjónustuna í sínu hlutverki.
- Samráð við heilsugæslu, menntaskóla og fulltrúa íþróttá- og tómstundafélaga í Kópavogsbæ.
- Upplýsingar um farsældarþjónustu aðgengilegar á heimasíðu og uppfærður „úrræðalisti“ aðgengilegur tengiliðum, málstjórum og stjórnendum.



Næstu skref (frh.)

- Fræðsla og upplýsingar til foreldra og nemenda um farsældarlög og tryggja aðgengi að tengiliðum.
- Tryggja aðkomu barna að eigin málum út frá aldri og þroska.
- Skipuleggja farsældarviku í samstarfi við þá sem veita farsældarþjónustu í Kópavogi og nærliggjandi sveitarfélögum.
- Fræðslu- og endurmenntunaráætlun
 - Rafræn fræðslumyndbönd um farsældarlög, OneSystem og verkefni samþættingar.
- Fullunnin vinnulýsing um samþættingu þjónustu, skil skólastiga og öryggishópa
- Sjá nánar í aðgerðaáætlun innleiðingarteymis sem fylgir stöðuskýrslu.



Upplýsingar, leiðbeiningar og gögn

- <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021086.html>
- <https://www.farsaeldbarna.is/>
 - Stutt myndbönd á íslensku, ensku og pólsku
- <https://www.bofs.is/>
 - Mikilvægar upplýsingar fyrir fagfólk
 - Farsældarskóli 1 og 2 – skyldunámskeið fyrir tengiliði og málstjóra
- Teasmsvæði tengiliða og málstjóra hjá Kópavogsbæ
 - Vinnulýsing
- Skráningar og skjalasvistunarkerfið One Systems
 - Skilgreindir öryggishópar fyrir hvern skóla



Að lokum

- Innleiðingarteymi vill koma því á framfæri að starfsfólk sem vinnur að farsæld barna í Kópavogi leggur sig fram í sínu starfi og hefur tekið vel á móti fulltrúum innleiðingarteymis og verkefnum farsældar.
- Innleiðing farsældarlaga er viðamikil samstarfsverkefni en þegar á heildina er litið hefur innleiðingin gengið vel og mjög margt hefur áunnist.
- Við erum nú þegar farin að sjá ávinning af farsældarlögum og trúum því að samþætting þjónustu leiði til betri og árangurríkari þjónustu til barna- og fjölskyldna í Kópavogi sem muni stuðla að bættu starfsumhverfi starfsfólks og skila ávinningi til samfélagsins í heild.
 - En ef markmið farsældarlaga eiga að nást þurfum við að hafa aðgengi að fjölbreyttum úrræðum á öllum stigum á vegum ríkis og sveitarfélaga.
 - Börnin þurfa réttan stuðning á réttum tíma.

